

Nr. 743

22. júlí 2013

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Ásborga úr landi Ásgarðs.*
Gerð er breyting á skilmálum sem fela í sér að lóðir 1, 3, 5, 9, 15, 17, 19, 21, 23, 30a og 48 breytast úr íbúðarhúsalóðum í lóðir fyrir verslun og þjónustu, þ.e. heimilt verður að vera með gisti- og/eða veitingastarfsemi. Þá er einnig gert ráð fyrir að lóð nr. 11 falli inn í lóð nr. 9 auk þess sem gert er ráð fyrir að byggingarreitur á lóð nr. 48 stækki í átt að þjóðvegi.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2013.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness, Goðhólsbraut 8a.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 5.000 m² lóð sem mun heita Goðhólsbraut 8a. Lóðin er þegar skráð í fasteignamati en hefur hingað til ekki verið afmörkuð.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. júlí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2013